



Skýrsla sveitarstjóra

Lögð fram á 66. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, þriðjudaginn 9. apríl 2019.

- **Blönduskóli - viðbygging – verknámshús**

Undirbúningur að viðbyggingu við Blönduskóla hefur gengið vel, og er hönnun nú að mestu lokið, og verkefnið að verða tilbúið til útboðs, fyrir vinnu ársins sem er niðurrif og uppsteypa, en stefnt er að því að viðbygging verði steypt upp og komist undir þak á þessu ári, en þessi framkvæmd er jafnframt stærsta einstaka framkvæmd ársins.

- **Þverbraut 1 – breytingar á notkun fyrstu hæðar**

Eftir að sveitarfélagið keypti fyrstu hæðina á Þverbraut 1, hefur verið unnið að því að breyta notkun hússins, og er búið að rýma húsið og hanna smíðastofu til bráðabirgða í fyrrum prentsal, og verið að vinna að viðeigandi breytingum á húsnæði þeim megin. Salurinn í hinum endanum verður lítið breitt en hefur verið leigður út, til viðburða, en verið að skoða aukna nýtingu, m.a. með Félagi eldri borgara, og síðar líka f. Skjólíð.

- **Nýtt hverfi – Fjallabraut, Lækjarbraut og Holtabraut**

Mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa skipulag á nýju íbúðahverfi, sem nú hefur verið kynnt, á íbúafundi, en verið er að aðlaga það að aðalskipulagi sveitarfélagsins.

- **Gamli bærinn – deiliskipulag**

Einnig var á sama íbúafundi kynnt vinna við deiliskipulag í Gamla bænum, sem unnin hefur verið af Landmótun sf., en síðan hefur Byggingarfulltrúi fundað með eigendum einstakra fasteigna um hugmyndir þeirra, og sveitarfélagsins, er varðar skipulagið.

- **ENNI – Sala húsa og nýting á jörð**

Sveitarfélagið seldi húseignirnar á jörðinni ENNI, og með því fylgdi 15.000 fm leigulóð, og hafa nýjir eigendur þegar flutt inn, eftir lagfæringar á íbúðarhúsi, ofl.þ.h. Þá er verið að vinna að nýtingarsamningi á tünnum og beitarhólfum fyrir sumarið.

- **Móttaka flóttafólks, frá Sírylandi, til Blönduósbæjar**

Að loknum kynningarfundum 12. febrúar 2019, þá samþykkti sveitarstjórn að taka á móti flóttafólki samkvæmt beiðni þar um frá Félagsmálaráðuneytinu. Eftir það hafa verið haldnir íbúa- og kynningarfundir, og einnig vinnufundir með Rauða krossinum. Nú er komin skipting á þeim fjölda sem kemur til Húnavatnssýslna, og munu koma 4 fjölskyldur til Blönduós, samtals 21 einstaklingur, og þar af 12 börn og ein 17 ára. Þetta eru 4ra, 5 og tvær 6 manna fjölskyldur, og nú er verið að útvega húsnæði, ráða verkefnastjóra og vinna að fjölbreyttum undirbúningi fyrir komu fólksins til Blönduóss.

- **Gagnaver – uppbygging ofl.þ.h.**

Nú fer að ljúka fyrst áfanga á uppbyggingu Gagnavers, sem hefur nú staðið yfir í rösklega níu mánuði, og gengið vonum framar, en ekki er ljóst hvort og þá hvenær uppbygging heldur áfram. Gert er ráð fyrir því að formleg opnun og vígsla verði í síðari hluta málmánaðar, en starfsemin hefur hafist í hverju húsi, strax eftir uppbyggingu.

- **CLOUDFEST – gagnaverssýning og ráðstefna**

Fulltrúar Blönduósbæjar sóttu (eins og áður) stærstu gagnaverssýningu og ráðstefnu í Evrópu, sem haldin var í Þýskalandi dagana 25 – 28 mars s.l., en þátttaka Íslands er skipulögð af Íslandsstofu og kostnað við þátttöku er að stórum hluta greiddur af BMA. Á sýningunni var uppbygging Etix/Borealis, á Blönduósi, kynnt sérstaklega og þarna voru einnig kynntir mögulegir á svæðinu til framtíðaruppbyggingar á sama stað. Almenn þótti sýningin takast einstaklega vel, en ennþá er verið að vinna úr þeim viðskiptasamböndum sem þarna mynduðust, og verður því haldið áfram á næstunni.



- **Bygging á fjölbýlishúsi – 20 íbúða blokk á Blönduósi**

Búið er að úthluta lóð fyrir 20 íbúða fjölbýlishúsi við Hnjúkabyggð 29 á Blönduósi, og er gert ráð fyrir því að framkvæmdir munu hefjast nú í lok apríl eða snemma í maí, og er áætlað að framkvæmdatími verði aðeins 12 – 14 mánuðir, eins og staðan er núna.

- **Aðrar helstu framkvæmdir – í gangi eða framundan..**

1. Önnur stærsta framkvæmd, á vegum sveitarfélagsins, þetta árið á eftir Blönduskóla, er lagning vatnsveitu og fráveitu frá bænum að gagnaverssvæðinu, m.a. til þess að mæta þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað, og styrkja svæðið enn frekar.
2. Þá hafa framkvæmdir staðið yfir í Brautarhvammi, þar sem reist hefur verið nýtt og glæsilegt þjónustuhús, sem einnig verður með gistieiningum, og morgunverðarsal.
3. Búið er að gefa vilyrði fyrir endurhlutun á tveimur lóðum við Sunnubraut, sem skilað hefði verið inn, til félags sem hyggst reisa þar tilbúin raðhús, sem hafa verið kynnt fyrir sveitarfélaginu, en samskonar hús hafa áður verið reist, með góðum árangri, annars staðar á Íslandi.

- **Gamla K.H húsið – nú komið í eigu Blönduósbæjar**

Unnið hefur verið að því að Blönduósbær eignaðist Gamla K.H. húsið, og varð það að veruleika, með afsali 14. mars s.l. en umsamið kaupverð hefur þegar verið greitt með yfirtöku á áhvílandi veðskuld, og hefur nú verið gengið frá öllum formsatriðum.

- **HÚNAVAKA 2019 – Ráðning viðburðarstjóra**

Auglýst var eftir viðburðastjóra fyrir Húnavöku 2019, og mögulegra annara verkefna. Alls bárust 12 umsóknir, en ein þeirra var dregin til baka, vegna annara verkefna. Nú hefur verið náð saman um meginforsendur, fyrir ráðningu öflugrs viðburðastjóra, sem mun verða kynntur á allra næstu dögum, og hefja unirlúning frá og með sama tíma. Miklar væntingar eru bundnar við ráðningu þessa, og nýjar áherslur á **HÚNAVÖKU**.

- **Ársreikningur 2018 – á næsta fundi sveitarstjórnar**

Unnið hefur verið að uppgjöri og gerð ársreikning Blönduósbæjar og stofnana, fyrir árið 2018. Hann mun verða lagður fyrir og kynntur á næsta fundi sveitarstjórnar.

Blönduósi 9. apríl 2019.


sign

Valdimar O Hermannsson,
Sveitarstjóri Blönduósbæjar
valdimar@blonduos.is
S-4554700 & 8606770